Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 190 (24.8.2026) - Starfshópur - framkvæmd stækkun Seyðisfjarðarskóla

Málsnúmer	:	202211079
Málsaðili	:	Múlaþing
Niðurstaða (stutt)	:	Samþykkt
Fundardagur	:	24.08.2026

Inngangur	:	Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur niðurstaða útboðs vegna stækkunar Seyðisfjarðarskóla. Tvö tilboð bárust og voru þau yfir kostnaðaráætlun sveitarfélagsins að upphæð 939.426.340 kr. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að taka afstöðu til tilboðanna. Fyrra tilboð kom frá MVA. Heildartilboðsupphæð, með VSK, samtals 1.163.575.982 kr. Seinna tilboð kom frá Eðalmönnum ehf. Heildartilboðsfjárhæð, með VSK, samtals 1.062.594.657 kr.
Niðurstaða	:	Eftirfarandi tillaga lögð fram: Umhverfis- og framkvæmdaráð hafnar fyrirliggjandi tilboðum á þeim forsendum að þau eru yfir kostnaðaráætlun. Ráðið skipar tvo fulltrúa, annan úr meirihluta (Ívar Karl Hafliðason, D-lista) og hinn úr minnihluta (Ásrún Mjöll Stefánsdóttir V-lista), til að vinna með starfsmönnum við að rýna útboðsgögnin og skýra liði, í kjölfarið verði sviðsstjóra framkvæmda falið að bjóða verkið út að nýju. Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar þessu inn í yfirstandandi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins 2027-2030. Samþykkt samhljóða.